

LEIKSKÓLINN Mánahvoll

ÁRSSKÝRSLA skólaárið 2021 – 2022



Ábyrgðaraðilar:

Kristín Sigurðardóttir

Sigríður Brynjarsdóttir

Efnisyfirlit

1	Útdráttur	4
2	Inngangur	4
3	Leikskólinn Mánahvoll	5
4	Námskrá Mánahvols.....	5
5	Mat á innra starfi út frá starfsáætlun	6
6	Mannauður leikskólans	7
6.1	Starfsmannahópurinn.....	7
6.2	Stefna í starfsmannamálum	7
6.3	Starfsþróun/fræðsla til kennara.....	7
7	Tölulegar upplýsingar um barnafjölda	7
8	Stoðþjónusta.....	7
9	Foreldrasamstarf.....	8
9.1	Foreldraráð.....	8
9.2	Foreldrafélag.....	8
10	Eldhús.....	8
11	Öryggismál.....	8
11.1	Slysaskráning	9
11.2	Eftirlit með garðinum.....	9
12	Húsnæði og viðhald.....	9
13	Lokaorð skólastjóra.....	9

1 Útdráttur

Leikskólastjóri hóf störf þann 1. ágúst úti á Krakkakoti en fyrstu börnin komu um miðjan ágúst. Opnaðar voru tvær deildir á Álftanesi, í leikskólunum Krakkakoti og Holtakoti. Þann 1. nóvember flutti skólinn að Spítalavegi 2a við Vífilsstaðatún. Fyrst um sinn voru tvær deildir opnaðar, Harpa og Sól. Í byrjun árs var þriðja deildin, Plútó, opnuð og fjórða deildin Mars opnaði í mars. Fimmta deildin, Venus opnaði í apríl og sjötta deildin, Jörð, opnaði í maí síðastliðnum. Tvær deildir eiga eftir að bætast við, Máni og Júpiter. Nöfn deildanna voru valin úr himingeimnum með vísan í nafn skólans Mánahvoll. Í lok maí voru liðlega 80 börn skráð í skólann.

Framkvæmdir við skólann hafa gengið vel þó enn eigi eftir að klára ýmislegt bæði innanhús og utandyra. Vinna við stofnun foreldrafélags og foreldraráðs gekk vel. Sumarhátíð leikskólans í byrjun júní var í boði foreldrafélagsins og tókst mjög vel. Gaman var að sjá hversu margir foreldrar sáu sér fært um að mæta og taka þátt í gleðinni.

Við höfum fengið góða aðstoð frá tölvudeild Garðabæjar þegar við höfum þurft á því að halda. Því miður höfum við lítið sem ekkert unnið í One-kerfinu samskipta og skjalakerfi þar sem við höfum ekki fengið kennslu á það kerfi. Vonandi rætist úr því á næsta skólaári.

Starfsmannahópurinn hefur stækkað jafnt og þétt í takt við stækkun skólans og hefur okkar helsta áskorun verið að byggja upp góðan leikskóla með góðum og uppbyggilegum starfsanda þar sem styrkleikar allra fá sín notið.

Gildi skólans samvinna, traust, sköpun og gleði, voru valin á haustmánuðum 2021 og eru táknræn fyrir starfið með börnunum, foreldrum og starfsmannahópnum.

Merki skólans var unnið í samvinnu við Írisi Jónsdóttur, grafískan hönnuð og vísar til nafns skólans og þeirra þroskabrautar sem börnin leggja í með okkur.

2 Inngangur

Samkvæmt 17. og 18. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gera innra mat í leikskólum. Markmið innra mats er meðal annars að veita upplýsingar um skólastarfið, tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrár ásamt því að tryggja að réttindi barna séu virt. Samkvæmt 5. grein laga um leikskóla skal leikskólastjóri birta opinberlega upplýsingar um starfsemi leikskólans. Í þessari ársskýrslu er að finna fjölbreytta þætti í starfi leikskólans fyrir skólaárið 2021–2022.

3 Leikskólinn Mánahvoll

Leikskólastjóri hóf störf þann 1.ágúst 2021, tekið var á móti fyrstu börnunum í húsnæði Krakkakots á Álftanes um miðjan ágúst. Í september opnuðum við aðra deild í húsnæði Holtakots á Álftanesi. Áður en við fluttum héldum við foreldrafund í Sveinatungu með foreldrum þeirra barna sem innrituðust fyrst í skólann. Alls fluttu 24 börn með okkur þann 1.nóvember þegar Mánahvoll opnaði formlega á Spítalavegi 2a við Vífilsstaði. Þessi börn fóru



á deildirnar Hörpa og Sól. Við opnun leikskólans var tæplega helmingur hans risinn og vantaði meðal annars eldhúsið. Allur matur og leirtau var því ferjað milli húsa frá Sunnhvoli. Þannig var það fram í miðjan janúar þegar eldhúsið okkar var tilbúið. Í janúar 2022 opnuðum við þriðju deildina Plútó og byrjuðum að aðlaga börn

þar. Deildin Mars var svo opnuð í mars, í apríl var það deildin Venus og að lokum í maí deildin Jörð. Í lok maí vorum við komin með 81 barn í húsið. Enn eigum við eftir að opna tvær deildir sem heita Júpíter og Máni og munu þær opna í haust, þegar hefur verið ráðið starfsfólk.

Mánahvoll er um það bil 850 m². Húsnæðið er gámaeiningar sem raðast saman og telur átta deildir fyrir börn auk starfsmannaáðstöðu, eldhúss og salar. Garðurinn er tilbúinn að litlum hluta og vinna við hann stendur yfir. Við höfum til afnota stétt meðfram húsinu og sandkassa. Mikið og gott samstarf er við leikskólann Sunnhvol með útisvæðið hjá þeim. Vinna við gerð garðsins hófst í júní og vonandi verður hann tilbúinn í haust.

4 Námskrá Mánahvols

Samkvæmt 14. grein laga um leikskóla skal hver leikskóli gefa út skólanámskrá. Á grunni Aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin skólanámskrá. Þar sem leikskólinn Mánahvoll er enn á sínu fyrsta starfsári er skólanámskrá okkar ekki tilbúin, en sú vinna er hafin og mun halda áfram veturinn 2022-2023.

Við munum byggja á þeim gildum sem við völdum okkur við stofnun leikskólans, sem eru: samvinna-traust-sköpun- og gleði.

5 Mat á innra starfi út frá starfsáætlun

Endurmat vetrarins var unnið á skipulagsdegi, annars vegar eftir deildum og hins vegar í hópum þvert á deildir. Þeir þættir sem við ákváðum að endurmeta eru aðlögun og dagskipulag, útivera, móttaka barna og kveðja, foreldrasamstarf og samstarf milli deilda.

Aðlögun gekk vel. Huga þarf að samræmi milli fjölda barna í aðlögun og fjölda starfsmanna á deild. Almenn ánægja var með fyrsta kynningafund áður en börnin byrjuðu, einnig með fyrsta viðtal sem tekið var við foreldra áður en aðlögun hófst. Gæta þarf að hvaða tími er milli aðlögunarhópa og reyna að halda þeim börnum sem hafa lokið aðlögun frá næsta aðlögunarhópi til að grátur smitist síður á milli. Gott að skipta börnunum milli svæða. Dagskipulagið hefur verið í mótun í vetur, almenn ánægja er með það og allir eru sammála um að hafa skipulagið ekki of stíft. Við viljum leggja áherslu á að tekið sé vel á móti hverju og einu barni í upphafi dags og það kvatt með nafni í lok dags. Þurfum að passa að virkja alla starfsmenn í því.

Lögð hefur verið áhersla á að vinna með upplifun barnanna og skynjun bæði utan og innandyra. Það hefur gengið vel og aukist jafnt og þétt eftir því sem liðið hefur á árið.



Samstarf við foreldra hefur gengið vel og flestar deildir hafa náð að taka eitt viðtal við foreldra. Við fundum fyrir samhljómi úr viðtölunum um að foreldrar séu ánægðir með leikskólann og starfið okkar. Samstarf milli deilda hefur gengið vel og er áskorun meiri eftir því sem leikskólinn stækkar.

Við höfum reynt að halda deildastjórafundi reglulega þar sem þeir eru mjög mikilvægir fyrir starfið. Þar fara fram faglegar umræður um starfið og einnig styrkur fyrir nýja deildastjóra að hafa vettvang til að fá stuðning. Því miður höfum við ekki náð að fastsetja deildafundi sem eru mjög mikilvægir til deildastarfsfólks að fá meðal annars tækifæri til að samræma vinnubrögð. En við stefnum að því næsta vetur að setja fasta deildafundi.

6 Mannauður leikskólans

6.1 Starfsmannahópurinn

Í árslok 2021 voru 14 starfsmenn starfandi í leikskólanum. Leikskólakennarar voru sex, háskólamenntaðir starfsmenn fimm og þrír leiðbeinendur. Sjö starfsmenn voru í 100% starfi og aðrir starfsmenn voru í mismunandi starfshlutfalli.

6.2 Stefna í starfsmannamálum

Á Mánahvoli ætlum við að leggja áherslu á innleiða gildi leikskólans inn í allt okkar starf í starfsmannamálum. Við munum vinna áætlun um það á komandi vetri þar sem gildin samvinna, traust, gleði og sköpun mun endurspeglast í starfsmannamálum. Starfsmannafélag Norðurljósa var stofnað í vetur og eru „geimverur“ félagsmenn.


6.3 Starfsþróun/fræðsla til kennara

Á menntadegi Garðabæjar fór allt starfsfólk á kynningar á starfi í skólum bæjarins og kom okkur á óvart hve mikið og fjölbreytt starf er unnið í bæjarfélaginu.

Á skipulagsdegi í janúar 2022 var Helga Andrésdóttir með kynningu á málþroska ungra barna. Fjórir deildastjórar byrjuðu í júní á námskeiði hjá Menntastofum um Fyrstu skrefin í leikskólanum. Námskeiðið heldur áfram veturinn 2022-2023.

7 Tölulegar upplýsingar um barnafjölda

Samkvæmt Hagstofuskýrslu voru 26 börn fædd árið 2020, skráð í leikskólann í desember síðastliðnum. Kynjaskipting í hópnum var 12 stelpur og 14 strákar. Algengasti vistunartími barnanna voru átta tímar á dag.



8 Stoðþjónusta

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu í skólanum. Mikilvægt er að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Ef þörf er

á frekari athugun og inngripi er gott samstarf við sérfræðiteymi á skólaskrifstofu Garðabæjar sem samanstendur af sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi og sálfræðingi.

Sérkennslustjóri/ yfirþroskajálfi hóf störf í febrúar og hefur að mestu sinnt ráðgjöf til deildastjóra.

9 Foreldrasamstarf

9.1 Foreldraráð

Í foreldraráði sitja a.m.k þrennir foreldrar ásamt leikskólastjóra. Ráðið setur sér starfsreglur sem það vinnur eftir og ber leikskólastjóra að vinna með ráðinu. Hlutverk foreldraráðs leikskóla er eftirfarandi:

- Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans.
- Fylgjast með framkvæmd skólanámskrá og annarra áætlanna innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
- Hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi.

Foreldraráð var stofnað á upphafsmánuðum skólans en vegna annmarka í þjóðfélaginu hefur það ekki fundað reglulega.

9.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag Mánahvols var stofnað á vormánuðum 2022 og þeirra fyrsta verk var að bjóða leikskólanum upp á sýningu á sumarhátíðinni sem haldin var 2.júní síðast liðinn. Ætlunin er að fundað verði reglulega í foreldraráði og foreldrafélagi á komandi skólaári.

10 Eldhús

Eldhúsið er rekið af Skólamat sem sér um allan mat hjá okkur. Við eigum í góðu samstarfi við þau og höfum verið ánægð með þá þjónustu sem þau veita.

11 Öryggismál

Vinna við brunaáætlun leikskólans er hafin.

11.1 Slysaskráning

Á síðasta skólaári var ein slysaskráning gerð. Strax í haust verður haldið skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk skólans.

11.2 Eftirlit með garðinum

Garðurinn er í vinnslu og við höfum afnot að hluta hans. Þeir starfsmenn sem fara fyrstir út að morgni sjá um að yfirfara hann.



12 Húsnæði og viðhald

Mánahvoll er í nýju húsnæði, því er enn unnið að því að klára það sem eftir er og ekki þörf á viðhaldi.

13 Lokaorð skólastjóra

Það hefur verið mikil áskorun að standsetja nýjan leikskóla en mjög gefandi. Við byrjuðum úti á Álftanesi og vorum þeirra gæfu aðnjótandi að fá góða aðstoð og aðstöðu hjá bæði starfsfólki á Krakkakoti og Holtakoti. Hjá okkur á Mánahvoli starfa reynslumiklir og metnaðarfullir leikskólakennarar sem lögðu strax grunninn að starfinu hjá okkur. Við viljum leggja áherslu á upplifun, skynjun og útiveru í þessari stórkostlegu útivistarparadís sem er í nágrenni skólans.

Lykillinn að góðu leikskólastarfi er góð samvinna og jákvætt viðmót.

Kristín Sigurðardóttir
Leikskólastjóri



